HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr: 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C94:02

Sameining orkufyrirtækja í Borgarfirði

Skýrsla unnin fyrir stjórn Andakílsárvirkjunar

1994

Efnisyfirlit

Formáli 1

1. Helstu niðurstöður 3

2. Forsendur 4

2.1 Almennar forsendur 4

2.1.1 Orkuveitusvæði og fólksfjöldi 4
2.1.2 Eignir og skuldir 4
2.1.3 Orkunotkun 5

2.2 Tekjur hins sameinaða fyrirtækis 7

2.2.1 Sala á heitu vatni 7
2.2.2 Sala á raforku 7
2.2.3 Hagræði sameiningar 9

2.3 Gjöld hins sameinaða fyrirtækis 10

2.3.1 Vaxtagjöld 10
2.3.2 Orkukaup 10
2.3.3 Almennur rekstrarkostnaður 12
2.3.4 Fjárfesting 13

3. Fjárhagsleg áhrif sameiningar 15

3.1 Grunndæmi 15
3.2 Lánskjör 17
3.3 Niðurgreiðsla lána og hita 18

3.4 Gjaldskrárbreytingar 19
3.5 Fjárfesting 19
3.6 Föst afborgun af láni 20

4. Félagsform o.fl. 21

4.1 Núgildandi rekstrarform væntanlegra aðildarfyrirtækja OB 21
4.2 Framlag væntanlegra aðildarfyrirtækja til OB 22
4.3 Álitleg félagsform OB 22

5. Viðaukar 24

5.1 Líkan af OB 24
5.2 Samþykktir fyrir félagið Andakílsárvirkjun 28
5.3 Sameiningarsamningur vegna HAB 32
5.4 Lög nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða 36
5.5 IX. kafli laga nr. 8/1986, um samvinnu sveitarfélaga 38

Formáli

Á aðalfundi Andakílsárvirkjunar hinn 25. apríl s.l. var eftirfarandi tillaga samþykkt:

> "Aðalfundur Andakílsárvirkjunar, haldinn í Borgarnesi mánudaginn 25. apríl 1994, samþykkir að láta tilnefna þrjá óvilhalla aðila til að kanna lögfræðilega - fjárhagslega - og tæknilega hlið þess að Andakílsárvirkjun taki þátt í samrekstri orkufyrirtækja á veitusvæði Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og hugsanlega aðild RARIK í Mýra- og Borgarfjarðarhéraði.
>
> Athugað verði m.a. hvort unnt er að ná eftirtöldum markmiðum:
>
> A. Fjárhagslega sterku fyrirtæki með góða greiðsluafkomu.
> B. Samræmdu orkuverði á svæðinu.
> C. Lækkun orkukostnaðar.
>
> Úttekt þessi verði unnin í sumar og hafi stjórn virkjunarinnar forgöngu um að láta tilnefna fulltrúa og leiti eftir áliti eigenda við vinnu þessa. Leggur aðalfundurinn til að þegar úttektin liggur fyrir þá taki eignaraðilar upp viðræður um framtíðarskipan á rekstri virkjunarinnar."

Í framhaldi af þessari samþykkt fól framkvæmdastjórn virkjunarinnar okkur undirrituðum að framkvæma ofannefnda könnun og var óskað eftir að niðurstöður gætu legið fyrir sem fyrst, helst þegar í ágústmánuði. Verkefnaskipan var í grófum dráttum sú að Tryggvi Sigurbjarnarson rafmagnsverkfræðingur sá um flestar forsendur útreikninga, prófessor Guðmundur Magnússon um líkanasmíð og forsendur varðandi stöðu fyrirtækisins á lánamarkaði og Jónas Aðalsteinsson hrl. um lagalega hlið málsins. Með okkur starfaði Ingólfur Bender, hagfræðingur.

Ljóst var að til þess að geta skilað verkinu innan þess stutta tíma sem nefnin hafði til þess var nauðsynlegt að gera ýmsar nálganir og ágiskanir, m.a. vegna þess að erfitt

reyndist að fá nákvæmar upplýsingar um rekstur RARIK á svæðinu. Helstu heimildir eru skýrslur um Orkubú Borgarfjarðarhéraðs (OB), unnar af Rafteikningu hf. 1987 og 1991, ársskýrslur Rafveitu Akraness (RA), Rafveitu Borgarness (RB), Hitaveitu Akraness og Borgarness (HAB), Andakílsárvirkjunar og RARIK. Einnig er stuðst við nokkrar munnlegar heimildir og þá einkum frá Ásgeiri Sæmundssyni framkvæmdastjóra Andakílsárvirkjunar og Ingólfi Hrólfssyni hitaveitustjóra HAB.

6. september 1994

Tryggvi Sigurbjarnarson

Guðmundur Magnússon

Jónas Aðalsteinsson

1. Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru eftirfarandi:

1 Í svokölluðu grunndæmi, þar sem reiknað er með "bestu kjörum" á svæðinu í raforkuverði en óbreyttu verði til hitunar, reiknast raunvaxtafótur 10,28% og endurgreiðslu lána lýkur árið 2008. Í grunndæminu er ekki reiknað með að nota sjóði Andakílsárvirkjunar í hinu sameinaða fyrirtæki.

2 Sé miðað við "bestu kjör" í raforkuverði og hitataxtar lækkaðir um 10% en sjóðir Andakílsárvirkjunar jafnframt notaðir til að greiða niður skuldir hins sameinaða fyrirtækis fæst raunvaxtafótur 10,07% og endurgreislu lána lýkur fáum mánuðum síðar en í grunndæminu.

3 Dæmi eru reiknuð um frekari lækkun á hitatöxtum eða um 15%, 20% og 25%, svo og dæmi með óbreyttri stöðu HAB. Í ljós kemur að núverandi staða HAB er sambærileg við stöðu hins sameinaða fyrirtækis með 25% lækkun hitataxta, þ.e. raunvaxtafótur er á bilinu 7,79% - 7,95% og endurgreislu lána lýkur um árið 2015.

Af ofangreindum niðurstöðum má sjá að með sameiningu er hægt að greiða lánin sem nú hvíla á HAB upp nær sjö árum fyrr en ella eða greiða hitunarkostnað á svæðinu niður um allt að 25%. Við teljum að þessar niðurstöður sýni ótvírætt hagkvæmni þess að sameina orkufyrirtæki í Mýrar- og Borgarfjarðarhéruðum eins og skilgreint er í samþykkt virkjunarstjórnar. Við teljum einnig að hugsanleg ónákvæmni í forsendum raski ekki þessum niðurstöðum stórvægilega.

2. Forsendur

2.1 Almennar forsendur

2.1.1 Orkuveitusvæði og fólksfjöldi

Orkuveitusvæði

Sameiningin taki til allra orkufyrirtækja í Borgarfjarðarhéraði, þ.e. Andakílsárvirkjunar, Rafveitu Akraness, Rafveitu Borgarness, Rafveitu Hvanneyrar, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og dreifi- og flutningskerfis Rafmagnsveitna ríkisins í héraðinu. Orkuveitusvæðið verði því allt Borgarfjarðarhérað.

Fólksfjöldi

Á svæðinu bjuggu 1. des. 1993 um 9.175 manns og hefur íbúafjöldi verið nær óbreyttur s.l. 10 ár. Er gert ráð fyrir svo verði áfram um sinn.

2.1.2 Eignir og skuldir

Eignir

Reiknað er með að öll mannvirki verði látin til félagsins án endurgjalds, en að félagið yfirtaki skuldir HAB. Eigendur orkufyrirtækjanna mundu eignast hlut í hinu nýja fyrirtæki í hlutfalli við verðmæti framlagðra eigna. Eignir hinna einstöku orkufyrirtækja hafa ekki verið metnar til verðs á þessu stigi.

Eignir þær sem yfirteknar verða eru fyrst og fremst þau mannvirki sem eru í eigu þeirra fyrirtækja sem að ofan eru talin. Að auki voru eftirtaldar sjóðseignir fyrir hendi samkvæmt reikningum félaganna:

1. tafla: Peningar í sjóði

	Mkr
HAB	90
Andakílsárvirkjun	218
Rafveita Akraness	7
Rafveita Borgarness	2
Samtals	317

Í grunndæmi er ekki reiknað með öðru handbæru fé en sjóði HAB, en í öðrum tilvikum er reiknað með að yfirtaka sjóði Andakílsárvirkjunar, Rafveitu Akraness og Rafveitu Borgarness.

Skuldir

Skuldir HAB og undirbúningsfélags vegna Orkubús Borgarfjarðarhéraðs (UOB) eru taldar vera um áramót 1993/1994 sem segir í 2. töflu:

2. tafla: Skuldir

	Mkr
HAB	1.834
UOB	440
Samtals	2.274

Frá samanlagðri upphæð dregst í grunndæminu handbært fé HAB, um 90 Mkr, þannig að nettóskuldin er talin vera 2.184 Mkr.

2.1.3 Orkunotkun

Reiknað er með að orkunotkunin sé hin sama og hún var árið 1993, bæði hvað varðar heitt vatn og rafmagn.

Vatnsnotkunin gæti lítillega aukist ef hitaveita yrði tekin inn alls staðar þar sem hægt er. Þar er einkum um að ræða 40-50 hús á Akranesi sem enn eru rafhituð. Ekki er þó gert ráð fyrir slíkri aukningu í útreikningum.

Raforkunotkunin á svæðinu undanfarin ár hefur verið sem segir í 3. töflu.

3. tafla: Raforkunotkun 1985, 1990 og 1993 í MWh/ári

Ár	1985	1990	1993
Rafveita Akraness	38.319	35.260	33.576
Rafveita Borgarness	8.961	9.128	9.445
RARIK	23.330	26.520	26.070*
Hvanneyri	840	800	857**
Samtals	71.450	71.708	69.948

*) Áætluð notkun 1994.

**) Orka til dreifiveitu.

Á 3. töflu sést að heildarsalan á svæðinu hefur verið mjög stöðug á undanförnum árum. Hins vegar hefur orðið veruleg tilfærsla milli gjaldskrárliða. Til dæmis hefur raforka til hitunar á Akranesi og Borgarnesi dregist verulega saman með tilkomu HAB.

Einnig hefur raforkusala til Sementsverksmiðju ríkisins dregist verulega saman vegna minnkandi framleiðslu á sementi, hagræðingar í framleiðslu og orkusparnaðar. Aftir á móti er vaxtarbroddurinn í raforkusölu til sumarbústaða og endurspeglast það í gjaldskrárlið A4 hjá RARIK.

Hjá RARIK hefur einnig orðið veruleg tilfærsla frá marktaxta yfir í almenna notkun og vélanotkun. Sala eftir marktaxta hefur á tímabilinu minnkað um 1.951 MWh/ári, en hinir liðirnir vaxið um (705 + 1.107) 1.812 MWh.

Þar sem nú eru komnar hitaveitur á alla fjölmennustu staði og ekki stórbreytinga að vænta á næstu árum í hitaveitumálum er líklegt talið að þessar breytingar og tilfærslur séu nú að mestu gengnar yfir og að meiri stöðugleiki einkenni komandi ár en undangengin. Einnig hefur að undanförnu verið gert stórátak í tengingu sumarbústaða hjá RARIK og því ekki eins mikillar aukningar þar að vænta og verið hefur.

Niðurstaðan er því sú að byggja útreikninga á óbreyttri stöðu ársins 1993 þrátt fyrir ofannefndar tilfærslur.

2.2 Tekjur hins sameinaða fyrirtækis

2.2.1 Sala á heitu vatni

Reiknað er með að sala á heitu vatni verði óbreytt frá því sem var árið 1993 að magni til. Þannig fást tekjur af sölu heits vatns um 236 Mkr/ári. Þessi spá byggir á spá um óbreytt notkunarmynstur frá því sem nú er.

Líklegt má þó telja að lækki verð á heitu vatni verulega muni notkunin aukast. Þannig er notkun á heitu vatni verulega meiri á íbúa eða á hús í Reykjavík en á Akranesi, eingöngu vegna þess hve heita vatnið í Reykjavík er ódýrt.

2.2.2 Sala á raforku

Núverandi orkusala og meðalverð á svæðinu (1993) er sýnt í 5. töflu. Í samræmi við spá um óbreytta raforkunotkun er einnig reiknað með að hlutföll milli gjaldskrárliða verði þau sömu og árið 1993.

4. tafla: Orkusala og meðalverð 1993

	MWh	Aurar/kWh	Þús.kr.
RARIK (áætlun 1994)	26.070	499	129.962
Rafveita Akraness	33.576	498	166.751 ***
Rafveita Borgarness	9.445	536	50.589
Rafveita Hvanneyrar	800	570	4.560
Samtals	69.891	503	351.862

***) Eigin notkun ekki meðtalin.

Í grunndæmi er reiknað með svokölluðum "bestu kjörum", en þá er reiknað með að beita núverandi gjaldskrá Rafveitu Akraness á liðina "almenn notkun", "vélanotkun" og "iðnaðarhitun" (merkt * í 5. töflu), en gjaldskrá RARIK á aðra gjaldskrárliði. Áætlaðar tekjur af raforkusölu verða þá sem hér segir:

5. tafla: Tekjur af raforkusölu eftir gjaldskrárliðum

Gjaldskrárliður	Orkusala	"Bestu kjör"	
	MWh	Aurar/kWh	Þús.kr.
Almenn	21.604	624 *	134.809
Sumarbústaðir	5.872	529	31.063
Markmæling	8.192	408	33.423
Markmæling án hita	2.716	508	13.797
Vélar	14.440	428*	61.803
Húshitun	4.231	415	17.559
Iðnaðarhitun	955	397*	4.097
Sérsamningar	11.080		50.078
Samtals	69.890	496	346.323

Þannig fást tekjur af raforkusölu um 346 Mkr/ári. Einnig hefur verið reiknað það dæmi að nota gjaldskrá RARIK alfarið, en það gefur um 370 Mkr í tekjur á ári eða um 24 Mkr hærri tekjur en "bestu kjör".

Í þeim dæmum þar sem reiknað er með lækkun á töxtum hitaveitu er einnig reiknað með samsvarandi lækkun á töxtum til rafhitunar. Þá er marktaxti metinn sem 80% hitun.

2.2.3 Hagræði sameiningar

Ekki er talinn vafi á að hægt sé að spara verulegar fjárhæðir í rekstrarkostnaði í sameiginlegu fyrirtæki miðað við reksturinn eins og hann er í dag.

Hér hefur ekki verið farið út í það að skipuleggja nýtt fyrirtæki í einstökum atriðum, heldur látið nægja að styðjast við þá fullyrðingu kunnugra manna að vandræðalaust sé að spara á fyrsta rekstrarári sem svarar 10 Mkr en til þess þurfti að kosta til 5 Mkr. Þessu til viðbótar megi spara 2 Mkr á ári þar til heildarsparnaði að upphæð 20 Mkr á ári sé náð.

Miðað við að hið nýja fyrirtæki taki til starfa hinn 1. janúar 1995 er reiknað með sparnaði í rekstrarkostnaði frá því sem var árið 1993 eins og tilgreint er í 6. töflu:

6. tafla: Sparnaður vegna sameiningar

Ár	Mkr
1995	5
1996	12
1997	14
1998	16
1999	18
2000 og öll ár eftir það	20

Þær 20 Mkr sem reiknað er með að hægt sé að spara með sameiningu fyrirtækjanna eru um 10% af núverandi almennum rekstrarkostnaði samtals.

2.3 Gjöld hins sameinaða fyrirtækis

2.3.1 Vaxtagjöld

Samkvæmt reikningum HAB fyrir árið 1993 eru vaxtagjöld um 112,4 Mkr, en vaxtatekjur um 12,8 Mkr. sem gefur hrein vaxtagjöld upp á tæplega 100 Mkr. Hrein vaxtagjöld HAB á árinu 1993 að viðbættum nettó vaxtagjöldum UOB nema því um 108 Mkr sem samsvarar 5% ársvöxtum.

7. tafla: Hrein vaxtagjöld ársins 1993

Hrein vaxtagjöld	Mkr
HAB	100
UOB	8
Samtals	108

Í grunndæmi er í samræmi við þetta reiknað með vaxtafætinum 5% á ári af skuldinni eins og hún er á hverjum tíma. Hér er vitaskuld mikil óvissa á ferðinni og hefur dæmið því einnig verið reiknað fyrir 7% og 9% árlegan vaxtakostnað.

2.3.2 Orkukaup

Heitt vatn

Talið er að Deildartunguhver sé svo vatnsmikill að nægja muni fyrir orkuveitusvæðið um fyrirsjáanlegan tíma. Ekki er því reiknað með viðbótarkostnaði við öflun heits vatns frá því sem nú er.

Raforkuþörf

Reiknað hefur verið með að raforkuþörfin á svæðinu sé 70 GWh seld orka að viðbættum 10% vegna tapa eða samtals 77 GWh á ári. Skipting orkusölu á vetur/sumar hefur verið eins og sýnt er í 8. töflu:

8. tafla: Skipting orkusölu á vetur/sumar í GWh/ári

Akranes	62,4/37,6
Borgarnes	63/37
RARIK	67/33

Áætluð skipting í nýju fyrirtæki er því 65/35 eða 50/27 GWh/ári.

Rafaflsþörf

Í aflkaupum er reiknað með núverandi nýtingartíma Rafveitu Borgarness sem nemur 5.500 h/ári. Rafveita Akraness hefur nokkru hærri nýtingartíma, eða um 5.600 h/ári, en RARIK nokkru lægri, líklega nálægt 5.400 h/ári. Samkvæmt ofangreindu verður heildaraflþörf um 14 MW. Svokallað áskriftarafl er talið rúmlega 15% lægra eða 11,5 MW.

Raforkuöflun

Reiknað er með að Andakílsárvirkjun anni 3 MW afli, 14 GWh/ári í sumarorku og 19 GWh/ári sem vetrarorku. "Líkleg afl- og orkukaup" verða því 8,5 MW afl, 13 GWh/ári sumarorka og 31 GWh/ári vetrarorka. Kostnaður vegna raforkukaupa frá Landsvirkjun yrði þá skv. núverandi. gjaldskrá Landsvirkjunar eins og sýnt er í 9. töflu:

9. tafla: Kostnaður vegna raforkukaupa frá Landsvirkjun skv. núverandi gjaldskrá

	Verð	Ein.	Þús. kr
8.500 árskW	8.281,05	kr/árs kw	70.389
13 GWh sumarorka	1030	kr/MWh	13.390
31 GWh vetrarorka	2050	kr/MWh	63.550
3 tengigjöld	3,26	Mkr	9.780
Samtals			157.109

2.3.3 Almennur rekstrarkostnaður

Reiknað er með að rekstrarkostnaður verði sá sami á ári og hann var árið 1993 fyrir hvert orkufyrirtæki eða sem segir í 10 töflu:

10. tafla: Rekstrarkostnaður á árinu 1993

	Mkr
Rafveita Akraness	57*
Rafveita Borgarness	19*
Rafveita Hvanneyrar	2**
RARIK	40 ***
Andakílsárvirkjun	21*
HAB	63 ****
Samtals	202

*) Tala úr reikningum ársins 1993.

**) Ágiskað, um 10% af rekstrarkostnaði Rafveitu Borgarness.

***) Ágiskað, um 2 x rekstrarkostnaður Rafveitu Borgarness.

****) Samkvæmt reikningum ársins 1993 að frádregnum 4 Mkr, sem eru "óeðlilegar afskriftir".

Vert er að athuga að raforkukaup HAB eru skv. reikningunum um 9,6 Mkr á ári, en mundu í sameinuðu fyrirtæki væntanlega vera talin eigin notkun og ekki reiknuð til

verðs með þessum hætti. Hins vegar eru þessi gjöld HAB tekjufærð hjá viðkomandi raforkufyrirtækjum og jafnast því út á þann hátt.

2.3.4 Fjárfesting

Í rekstrarkostnaði eins og hann er skilgreindur í reikningum fyrirtækjanna er innifalinn kostnaður við allar "venjulegar" fjárfestingar, svo sem lagningu nýrra heimtauga og endurnýjun á spennistöðvum rafveitnanna, sem og endurnýjun stjórnbúnaðar og endurbætur á stíflumannvirkjum hjá Andakílsárvirkjun.

Ýmislegt er þó ekki innifalið í þeim kostnaði, einkum þó tvennt sem fyrirsjáanlegt er að gera þurfi innan tíðar:

* Skipta um vír í Akraneslínu, en hann er talinn vera orðinn mjög tærður.
  Kostnaður líklega um 20-30 Mkr.

* Sæstrengurinn yfir Hvalfjörð er talinn vera orðinn hættulegur og er óttast að hann gefi sig þá og þegar. Því hefur verið lýst yfir af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins að hann muni ekki verða endurnýjaður ef hann bili. Þá er nærtækast að leggja línu frá Brennimel að Kúludalsá og setja upp nauðsynlegt 60 kV tengivirki í spennistöð við Brennimel.
  Kostnaður sennilega um 120 - 150 Mkr.

* Sérstök fjárfesting í dreifikerfum rafveitnanna umfram það sem tekið er tillit til í reikningum, einkanlega kostnaður við spennubreytingu.
  Kostnaður áætlaður 30-50 Mkr.

Reiknað er með að fjárfesting í dreifikerfi sveitaveitnanna verði fjármögnuð eins og verið hefur af ríkissjóði samkvæmt fyrirliggjandi áætlun um styrkingu rafdreifikerfisins í sveitum landsins.

Niðurstaðan er sú, að á næstu árum muni fyrirtækið líklega þurfa að fjárfesta vegna nauðsynlegra framkvæmda fjárhæð af stærðargráðunni 200 Mkr. Til einföldunar er hér gert ráð fyrir að fjárfestingin komi til öll í einu sama árið, árið 2000.

3.2 Lánskjör

Staða sameinaðs fyrirtækis á lánamarkaði er mikilli óvissu háð. Með lækkun vaxta hér á landi hefur aðdráttarafl erlendra lána, er bera með sér gengisáhættu, minnkað. Til einföldunar er reiknað með að öll núverandi lán orkufyrirtækjanna verði endurfjármögnuð. Með því fæst mat á því hvert gjaldþol hins nýja fyrirtækis yrði og hve hratt það gæti greitt niður skuldir við mismunandi forsendur um helstu rekstrarstærðir. Eins og næmnisútreikningar sýna skiptir vaxtafóturinn miklu máli fyrir afkomuna. Í grunndæmi er miðað við 5% raunvexti (auk lántökugjalds í upphafi) en það er í samræmi við þau kjör sem bjóðast á láni með ábyrgð opinberra aðila. Huga ætti að því hvort fyrirtækið gæti ekki fengið lán í íslenskum krónum á viðunandi kjörum til þess að firra sig gengisáhættu.

2. mynd: Skuldastaða OB í lok árs m.v. mismunandi raunvexti lána



2. mynd sýnir stöðu lána OB í lok hvers árs í grunndæminu og ef raunvextir væru 7% og 9%. Í grunndæminu er gert ráð fyrir að raunvextir tekinna lána séu 5%. M.v. þær forsendur greiðast lán OB upp á þrettán árum. Verði raunvextir hins vegar 7% má ætla að lánið greiðist upp á tæplega 16 árum og verði raunvextirnir 9% má ætla að lánið greiðist upp á 21 ári. Af þessu má draga þá ályktun að áhrif raunvaxta á niðurstöður dæmisins séu veruleg. Hvar vextirnir lenda á bilinu 5-9% getur skipt

sköpum um það hvenær lán OB greiðast upp á 8 ára tímabili frá 13. ári eftir sameiningu.

3.3 Niðurgreiðsla lána og hita

Í grunndæminu er reiknað með að 90 Mkr. í sjóði HAB verði notaðar til þess að greiða niður lán OB í upphafi. Þar með er litið framhjá þeirri staðreynd að í sjóði Andakílsárvirkjunar eru 218 Mkr. og samanlagt í sjóði RA og RB eru 9 Mkr. Niðurstaða sameiningarviðræðna aðildarfyrirtækja getur ein skorið úr um hvort og hvernig þessir peningar verði notaðir í sameiningunni. Hér eru könnuð áhrif þess að þessir peningar séu nýttir til að greiða niður lánið, samtals um 317 Mkr. en á sama tíma er hitinn greiddur niður um 10-20%.

3. mynd: Skuldastaða OB og HAB í lok árs



Á 3. mynd sést að sé lánið greitt niður um 317 Mkr. í upphafi starfsemi sameinaðs fyrirtækis nægir það til þess að greiða hitunarkostnað á þjónustusvæði þess niður um 10%. M.ö.o. valda þessar breyttu forsendur því að lánið greiðist upp á svipuðum tíma og í grunndæminu, þ.e. rúmlega 13 árum eftir sameiningu. Raunvaxtafótur þessa dæmis, eins og sést á 1. mynd, er um 10,07% sem er 0,21% lægra en grunndæmið ber.

3.6 Föst afborgun af láni

Það getur verið álitamál á hve löngum tíma beri að greiða lán hins sameinaða fyrirtækis upp. Í útreikningum okkar höfum við gengið út frá þeirri forsendu að endurgreiðsla eigi sér stað jafnfljótt og fjárhagur fyrirtækisins leyfir. Afléttum nú þessari forsendu og segjum að af höfuðstól lánsins eins og hann er í upphafi hvers árs beri að greiða 5% á hverju ári.[2] Ljóst er að sé allt annað óbreytt frá grunndæminu myndast nokkur rekstrarafgangur eftir að vaxtagjöld og afborganir hafa verið greiddar. Gerum nú ráð fyrir að hitunarkostnaður sé lækkaður á svæðinu þannig að rekstur fyrirtækisins standi í járnum. Á 4. mynd sést hlutfallsleg lækkun á hitunarkostnaði notenda á svæðinu frá því sem nú er ef þessi forsenda er látin gilda:

4. mynd: Hlutfallsleg lækkun hitunarkostnaðar ef föst 5% afborgun er af láni og hitunarkostnaður lækkaður þannig að rekstur OB standi í járnum



Á 4. mynd sést að strax á árinu 1995 er hægt að lækka hita á svæðinu um rúm 37%. Um aldamótin er lækkunin orðin rétt tæp 55%, 65% árið 2005 og 75% árið 2010.

[2] Þetta er t.d. markmið Landsvirkjunar þótt það hafi ekki náðst á hverju ári.

4. Félagsform o.fl.

4.1 Núgildandi rekstrarform væntanlegra aðildarfyrirtækja OB

Við höfum aflað gagna um þau orkufyrirtæki sem rekin eru eða starfa á veitusvæði Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og í Mýra- og Borgarfjarðarhéraði.

Andakílsárvirkjun er sameignarfélag í eign Akranesskaupstaðar og sveitarfélaganna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, rekið með ótakmarkaðri "solidariskri" ábyrgð eigenda. Félagið starfar nú á grundvelli samþykkta frá 26.4.1991 (í 2. viðauka).

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar er sameignarfélag í eigu Akraness, Borgarness, Andakílshrepps og Bændaskólans á Hvanneyri, rekið með ótakmarkaðri "solidariskri" ábyrgð eigenda. HAB er rekin á grundvelli sameignarsamnings eigenda, dags. 1. febrúar 1991 (í 3. viðauka), og á grundvelli reglugerðar nr. 318/1992 sem staðfest hefur verið á grundvelli orkulaga nr. 58/1967.

Rafveita Borgarness er fyrirtæki í eigu Borgarness. Hún starfar á grundvelli staðfestrar reglugerðar nr. 39/1948. Fyrirtækið er rekið með ótakmarkaðri ábyrgð Borgarness.

Rafveita Akraness er fyrirtæki í eigu Akraness og starfar á grundvelli staðfestrar reglugerðar nr. 40/1948. Fyrirtækið er rekið með ótakmarkaðri ábyrgð Akraness.

Rafmagnsveitur ríkisins eru eign ríkisins. Þær starfa á grundvelli ákvæða IX. kafla orkulaga nr. 58/1967, sbr. reglugerðar nr. 122/1992. Fyrirtækið er rekið með ótakmarkaðri ábyrgð ríkisins.

4.2 Framlag væntanlegra aðildarfyrirtækja til OB

Sá samrekstur, sem gert er ráð fyrir að stofnað verði til skv. framansögðu byggir á því að eigendur framangreindra fyrirtækja leggi eignir þeirra til hins væntanlega nýja félags án skulda, ef frá eru taldar skuldir HAB. Rétt þótti að láta eignamat bíða þar til sameiningarmálin hefðu verið rædd frekar.

4.3 Álitleg félagsform OB

Sameignarfélag sem rekið er samkvæmt sérstökum samningi eigenda. Dæmi slíks félags er t.d. HAB (sjá hér að framan). Fleiri dæmi eru til, t.d. Orkubú Vestfjarða, sjá lög nr. 66/1976 (sjá 4. viðauka), en í þeim lögum eru sérákvæði um "einfalda" ábyrgð eigenda.

Byggðasamlag sem rekið yrði á grundvelli ákvæða IX. kafla sveitarstjórnalaga nr. 8/1986 (sjá 5. viðauka). Dæmi um slíkt félag er t.d. Almenningsvagnar b.s., sameign Kópavogs, Garðabæjar og Mosfellsbæjar.

Sjálfseignarstofnun sem stofnuð yrði og rekin skv. sérstökum samningi stofnenda. Löggjöf um slíkt félag er í undirbúningi en fjölmörg dæmi slíks rekstrar má finna í íslensku atvinnulífi.

Hlutafélag sem stofnað yrði og rekið á grundvelli hlutafélagalaga nr. 32/1978.

Þau félagsform sem talin voru upp hér að framan gera ráð fyrir eignaraðild þeirra sem leggja eignir til - félagsins í hlutfalli við stofnframlag, nema sjálfseignarfélagsformið. Það félagsform kemur því væntanlega ekki til greina í þessu tilviki og mun það ekki rætt frekar hér.

Ákvarðanataka stofnenda um stofnun félags myndi fara eftir ákvæðum sveitarstjórnalaga um heimildir viðkomandi sveitarstjórna og síðan ráðherra varðandi ríkiseignir sem lagðar yrðu til, ef til kæmi.

Væntanlega þyrfti lagasetningu um framsal ríkiseignanna til væntanlegs félags, a.m.k. hefur svo verið gert til þessa í hliðstæðum tilvikum, sjá lög um Orkubú Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja.

Ef samstaða næst um sameiningu rekstrar orkufyrirtækja í Borgarfirði á þann hátt sem hér hefur verið rætt um myndi tveir kostir einkum koma til álita en þeir eru stofnun:

a. hlutafélags eða
b. sameignarfélags,

í báðum tilvikum í framhaldi af og í samræmi við lagasetningu um það efni, eftir því sem þurfa þætti.

Við samanburð á þessum tveim félagsformum myndi hlutafélagsfomið að öðru jöfnu hafa ýmsa kosti fram yfir sameignarfélagsformið að okkar áliti. Okkur er ekki kunnugt um nein þau lagatæknileg atriði sem valda kynnu erfiðleikum við stofnun félags ef viðkomandi aðilar ná samstöðu um reksturinn.

5. Viðaukar

5.1 Líkan af OB

Líkan af Orkubúi Borgarfjarðarhéraðs 06.09.94 BÚGM.XLS

Forsendur:

Tölur eru í þús. kr. nema annað sé tilgreint

Dæmi	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Fólksfjölgun	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Mannfjöldi á svæðinu	9.175	9.175	9.175	9.175	9.175	9.175	9.175	9.175	9.175	9.175	9.175
Árlegar verðlagshr.	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Vextir tekinna lána	5,00%	5,00%	7,00%	9,00%	5,00%	5,00%	5,00%	5,00%	5,00%	5,00%	5,00%
Lántökugjöld	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%
Tekið lán í árslok 1994	2.228.571	2.228.571	2.228.571	2.228.571	1.996.939	1.996.939	1.996.939	1.996.939	2.228.571	2.228.571	2.228.571
Peningar til niðurgr. á tek. láni 1994	90.000	90.000	90.000	90.000	317.000	317.000	317.000	317.000	90.000	90.000	90.000
Gjaldskrá	Bestu kjör	RARIK	Bestu kjör	Bestu kjör	Bestu kjör	Bestu kjör	Bestu kjör	Bestu kjör	Ekki samein	Bestu kjör	Bestu kjör
Töp og eigin notk. af heildars.	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%	10,00%
Niðurgreiðsla á hita	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	10,00%	15,00%	20,00%	25,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Fjárfesting	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	0	0	200.000

	MWh					Bestu kjör		Núv. gjaldskrá RARIK	
Orkusala eftir notkun	Akranes	Borgarnes	RARIK	Hvanneyri	Samtals	aurar á kWh	Orkusala í þús. kr.	aurar á kWh	Orkusala í þús. kr.
Almenn	13.149	4.016	4.039	400	21.604	624	134.809	706	152.524
Sumarbústaðir			5.872		5.872	529	31.063	529	31.063
Markmæling			8.192		8.192	408	33.423	408	33.423
Markmæling án hita			2.716		2.716	508	13.797	508	13.797
Vélar	6.782	4.211	3.047	400	14.440	428	61.803	467	67.435
Húshitun	2.029	290	1.912		4.231	415	17.559	415	17.559
Iðnaðarhitun	315	349	291		955	397	3.791	429	4.097
Sérsamningar	11.301	579			11.880	422	50.078	422	50.078
Samtals	33.576	9.445	26.069	800	69.890	466	346.324	485	369.976

Rekstur og efnahagur

Staða lána

HAB	1.834.000
UOB	440.000
Langt.sk. samt.	2.274.000

Peningar í sjóði

HAB	90.000
Andak.	218.000
RA	7.000
RB	2.000
Samtals	317.000

Vaxtagreiðslur

Vaxtagj.	120.000
Vaxtat.	12.000
Nettó	108.000
Vextir	4,95%

Rekstrarkostnaður 1993

RA	57.000
RB	19.000
RH	2.000 *
RARIK	40.000 *
Andak.	21.000
HAB	63.000
Samtals:	202.000

* Áætlað

Orkukaup

Landsvirkjun	157.109

Niðurstöður úr grunndæmi: Bestu kjör á raforku og óbr. verð á hita

Ár	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
TEKJUR																
Vatnssala:	236.635	236.635	236.635	236.635	236.635	236.635	236.635	236.635	236.635	236.635	236.635	236.635	236.635	236.635	236.635	236.635
Raforkusala:	346.324	346.324	346.324	346.324	346.324	346.324	346.324	346.324	346.324	346.324	346.324	346.324	346.324	346.324	346.324	346.324
TEKJUR SAMTALS	582.959	582.959	582.959	582.959	582.959	582.959	582.959	582.959	582.959	582.959	582.959	582.959	582.959	582.959	582.959	582.959
GJÖLD																
Raforkukaup frá Landsvirkjun:	157.109	157.109	157.109	157.109	157.109	157.109	157.109	157.109	157.109	157.109	157.109	157.109	157.109	157.109	157.109	157.109
Alm. rekstrarkostnaður:	202.000	202.000	202.000	202.000	202.000	202.000	202.000	202.000	202.000	202.000	202.000	202.000	202.000	202.000	202.000	202.000
Rafveitur	118.000	118.000	118.000	118.000	118.000	118.000	118.000	118.000	118.000	118.000	118.000	118.000	118.000	118.000	118.000	118.000
Andakílsárv.	21.000	21.000	21.000	21.000	21.000	21.000	21.000	21.000	21.000	21.000	21.000	21.000	21.000	21.000	21.000	21.000
Hitaveita	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000
Niðugreiðslur á hita:	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Nettó sparnaður vlhagræðingar:	5.000	12.000	14.000	16.000	18.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000
GJÖLD SAMTALS	354.109	347.109	345.109	343.109	341.109	339.109	339.109	339.109	339.109	339.109	339.109	339.109	339.109	339.109	339.109	339.109
REKSTRARHAGNAÐUR	228.850	235.850	237.850	239.850	241.850	243.850	243.850	243.850	243.850	243.850	243.850	243.850	243.850	243.850	243.850	243.850
Fjárfestingar:	0	0	0	0	0	200.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Rafveitur																
Andakílsárv.																
Hitaveita																
GREIÐSLUGETA	228.850	235.850	237.850	239.850	241.850	43.850	243.850	243.850	243.850	243.850	243.850	243.850	243.850	243.850	243.850	243.850
SKULDASTAÐA Í UPPHAFI ÁRS	2.228.571	2.111.150	1.980.858	1.842.051	1.694.304	1.537.170	1.570.179	1.404.838	1.231.230	1.048.942	857.539	656.567	445.545	223.973	-8.678	-252.962
VAXTAGJÖLD	111.429	105.558	99.043	92.103	84.715	76.858	78.509	70.242	61.562	52.447	42.877	32.828	22.277	11.199	-434	-12.648
AFBORGANIR AF HÖFUÐSTÓL	117.421	130.292	138.807	147.747	157.134	-33.009	165.341	173.608	182.288	191.403	200.973	211.021	221.572	232.651	244.284	256.498
SKULDASTAÐA Í LOK ÁRS	2.111.150	1.980.858	1.842.051	1.694.304	1.537.170	1.570.179	1.404.838	1.231.230	1.048.942	857.539	656.567	445.545	223.973	-8.678	-252.962	-509.460

Skuldastaða í lok árs m.v. dæmi 1-11

	Dæmi/Ár	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Grunndæmi	1	2.111.150	1.980.858	1.842.051	1.694.304	1.537.170	1.570.179	1.404.838	1.231.230	1.048.942	857.539	656.567	445.545	223.973	-8.678	-252.962	-509.460
Núv. gjaldskrá RARIK	2	2.087.498	1.932.371	1.767.487	1.592.359	1.406.475	1.409.297	1.212.259	1.005.370	788.136	560.041	320.541	69.066	-194.983	-472.234	-763.348	-1.069.018
Raunvextir 7%	3	2.111.150	2.023.081	1.926.847	1.821.877	1.707.558	1.783.238	1.664.215	1.536.860	1.400.591	1.254.782	1.098.768	931.832	753.210	562.085	357.581	138.762
Raunvextir 9%	4	2.111.150	2.065.304	2.013.332	1.954.682	1.888.754	2.014.892	1.952.383	1.884.247	1.809.980	1.729.028	1.640.791	1.544.613	1.439.778	1.325.509	1.200.955	1.065.191
Niðurgr. láns 317 millj. kr. og hita um 10%	5	1.896.066	1.783.150	1.662.587	1.533.997	1.396.977	1.451.107	1.307.942	1.157.620	999.781	834.050	660.033	477.315	285.461	84.015	-127.504	-349.599
Niðurgr. láns 317 millj. kr. og hita um 15%	6	1.910.131	1.811.983	1.706.927	1.594.619	1.474.695	1.546.775	1.422.460	1.291.928	1.154.870	1.010.958	859.852	701.189	534.594	359.669	175.998	-16.857
Niðurgr. láns 317 millj. kr. og hita um 20%	7	1.924.196	1.840.816	1.751.267	1.655.241	1.552.413	1.642.444	1.536.977	1.426.236	1.309.958	1.187.866	1.059.670	925.064	783.727	635.324	479.501	315.886
Niðurgr. láns 317 millj. kr. og hita um 25%	8	1.938.261	1.869.649	1.795.607	1.715.863	1.630.131	1.738.113	1.651.494	1.560.544	1.465.047	1.364.774	1.259.488	1.148.938	1.032.860	910.979	783.003	648.629
Núverandi staða HAB	9	2.166.365	2.101.048	2.032.466	1.960.454	1.884.842	1.805.449	1.722.086	1.634.555	1.542.648	1.446.146	1.344.818	1.238.424	1.126.710	1.009.411	886.246	756.923
Ekki fjárfesting árið 2000	10	2.111.150	1.980.858	1.842.051	1.694.304	1.537.170	1.370.179	1.194.838	1.010.730	817.417	614.438	401.310	177.526	-57.447	-304.169	-563.227	-835.238
Niðurgr. láns um 5% á ári	11	2.117.143	2.011.286	1.910.721	1.815.185	1.724.426	1.638.205	1.556.295	1.478.480	1.404.556	1.334.328	1.267.612	1.204.231	1.144.019	1.086.819	1.032.478	980.854

Raunvaxtafótur að meðaltali á árunum 1995-2010 m.v. dæmi 1-2 og 5-10

Raunvaxtafótur	10,28% Meðaltal Dæmi/Ár	1995-2010
Grunndæmi	1	10,28%
Núv. gjaldskrá RARIK	2	11,34%
Niðurgr. láns 317 millj. kr. og hita um 10%	5	10,07%
Niðurgr. láns 317 millj. kr. og hita um 15%	6	9,36%
Niðurgr. láns 317 millj. kr. og hita um 20%	7	8,66%
Niðurgr. láns 317 millj. kr. og hita um 25%	8	7,95%
Núverandi staða HAB	9	7,79%
Ekki fjárfesting árið 2000	10	10,84%

5.2 Samþykktir fyrir félagið Andakílsárvirkjun

SAMÞYKKTIR
fyrir félagið
ANDAKÍLSÁRVIRKJUN.

1. grein.

Eigendur félagsins eru Akraneskaupstaður og sveitarfélög í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu. Félagið nefnist Andakílsárvirkjun.

Eignarhlutfoll eru sem hér segir: Akraneskaupstaður 33,33%, sveitarfélög í Borgarfjarðarsýslu 33,33% og sveitarfélög í Mýrasýslu 33,33%. Um innbyrðis skiptingu eignarhluta milli sveitarfélaga í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu fer eftir sérstöku samkomulagi þeirra, sem fylgir samþykktum þessum.

2. grein.

Heimili félagsins og varnarþing er í Andakílshreppi.

3. grein.

Tilgangur félagsins er að reisa og reka raforkuver við Andakílsá, ásamt háspennulínum og aðveitustöðvum.

Hyggst félagið fyrst og fremst selja íbúum Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstaðar raforku, svo og öðrum, eftir því sem orkan vinnst til.

4. grein.

Orkuverið er ásamt háspennulínum og aðveitustöðvum eign félagsins og þar með sveitarfélaganna í samræmi við eignarhlutdeild, sbr. 1. grein.

5. grein.

Gagnvart þeim, sem kröfu eiga á hendur félaginu, ábyrgjast félagsaðilarnir skuldbindingar þess, einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Gagnvart hver öðrum eru þeir ábyrgir í samræmi við eignarhlutdeild.

6. grein.

Félagið selur jafnan raforku við vegg aðveitustöðvar.

Bæjarfélög, hreppsfélög eða önnur félög orkunotenda, er reka sjálfir sjálfstæð veitukerfi, selja raforkuna samkvæmt reglugerð og gjaldskrá, er hlutaðeigendur setja.

7. grein.

Félagið starfar samkvæmt samþykkt þessari og reglugerð, sem aðalfundur setur. Raforkuna selur félagið samkvæmt gjaldskrá, sem stjórn þess ákveður.

8. grein.

Rekstrarafgangi skal varið til aukningar virkjunarinnar, til afborgana lána fram yfir samningsbundnar afborganir, til þess að lækka verð raforkunnar, eða hann lagður í varasjóð.

Aðalfundur getur ákveðið að greiða eigendum arð af rekstrarafgangi hvers árs og skiptist hann þá í eignarhlutföllum.

Stjórn félagsins ákveður, hvernig rekstrarafgangi hvers árs skuli varið í samræmi við framangreind ákvæði.

9. grein.

Sveitarstjórnirnar skuldbinda sig til að leggja engin gjöld á félagið eða fyrirtæki þess, nema fasteignagjöld.

10. grein.

Stjórnin skal sjá um að orkuverið verði aukið, eftir því sem notkunin vex, svo og línur og aðveitustöðvar.

Þó er stjórninni því aðeins heimilt að ráðast í aukningar á veitukerfi virkjunarinnar, eða að verða við óskum einstakra manna eða félaga um að gerast orkunotendur, að nákvæmar kostnaðar- og rekstraráætlanir hafi verið gerðar, enda hafi hinar fyrirhuguðu nýbyggingar fjárhagslega trygga rekstrarafkomu, þ.e. að ætla megi að tekjur af þeim nægi fyrir útgjöldum, sem af þeim hljótast, eða nægilegs fjár hafi verið aflað til þeirra á annan hátt.

Verði agreiningur innan stjórnarinnar um það, hvort nýbygging hafi fjárhagslega trygga rekstrarafkomu eða ekki, getur minnihlutinn óskað eftir álitsgerð óháðs aðila.

Nánari ákvæði um fjárhagslega tryggingu framangreindra nýbygginga skulu sett í reglugerð.

11. grein.

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum og jafnmörgum til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn og skulu þeir skiptast þannig:

a) Bæjarstjórn Akraness kýs þrjá menn.
b) Sveitarfélög í Borgarfjarðarsýslu eða héraðsnefnd þeirra kjósa tvo menn, og skal annar þeirra vera búsettur utan Skarðsheiðar.
c) Sveitarfélög í Mýrasýslu eða héraðsnefnd þeirra kjósa tvo menn, og skal annar þeirra vera búsettur í Borgarnesi.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann, varaformann og ritara, sem skiptast á sama hátt landfræðilega.

12. grein.

Félagsstjórnin ræður öllum félagsmálum og hefur á hendi allar framkvæmdir fyrir félagið, þær er heyra til rekstri þess og gætir réttar félagsins gagnvart öðrum.

Stjórnin hefur heimild til þess að taka lán fyrir félagið eftir því sem hún telur nauðsynlegt og getur skuldbundið það og eigur þess, þar á meðal

veðsett þær með ályktunum sínum og samningum. Stjórnin getur þó ekki skuldbundið eigendur félagsins að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum nema að fengnu samþykki þeirra.

Formaður boðar til stjórnarfunda, er hann telur þess þörf eða tveir stjórnarmenn æskja þess. Stjórnarfundur er lögmætur, ef fimm stjórnarmenn eru mættir. Stjórnin skal bóka stutta skýrslu um það er fram fer á fundum hennar og staðfestir hún það með undirskrift mættra stjórnarmanna.

13. grein.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og aðra fasta starfsmenn. Hún ákveður verksvið þeirra og laun. Hún getur og veitt framkvæmdastjóra prokúruumboð.

14. grein.

Ársreikningar félagsins skulu endurskoðaðir af þremur endurskoðendum, kjörnum á aðalfundi, og skal einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi.

15. grein.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Reikningar félagsins skulu fullgerðir fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Skal stjórnin senda þá endurskoðendum til athugunar, og skulu þeir hafa lokið athugun sinni fyrir marslok. Síðan skulu endurskoðendur senda þá til allra eignaraðila.

Reikningarnir skulu bornir undir aðalfund félagsins til samþykktar.

Endurskoðendur hafa, hvenær sem er og hver í sínu lagi, aðgang að bókum félagsins til eftirlits.

16. grein.

Aðalfund félagsins skal halda ár hvert fyrir lok aprílmanaðar. Á aðalfundi skal fjalla um eftirtalin málefni: 1. Skýrslu stjórnar. 2. Ársreikninga. 3. Rekstrar-og framkvæmdaaætlun. 4. Kosningu stjórnar og endurskoðenda. 5. Önnur mál.

Á aðalfundi og félagsfundum eiga sæti 27 fulltrúar, níu frá hverjum hinna þriggja aðila, þ.e. níu frá bæjarstjórn Akraness, níu frá sveitarfélögum í Borgarfjarðarsýslu og níu frá sveitarfélögum í Mýrasýslu, og fylgir jafn atkvæðisréttur hverjum þriðjungshlut í félaginu. Breytist eignarhlutföll milli aðila samkv. 1. gr., breytist atkvæðisréttur í hlutfalli við það. Um kjör fulltrúa frá sveitarfélögum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu svo og vægi atkvæða fulltrúa sveitarfélaga innan hvors þriðjungshlutar, fer eftir sérstöku samkomulagi þeirra, sem fylgir samþykktum þessum. Rétt til fundarsetu hafa einnig sveitarstjórnarmenn eignaraðila með málfrelsi og tillögurétti.

Aðalfund skal boða bréflega með a.m.k. hálfs mánaðar fyrirvara og er aðalfundur lögmætur, ef meira en helmingur fulltrúanna mætir.

Stjórninni er heimilt að kalla saman aukafund í félaginu, er hún telur þess þörf vegna ákvarðana um mikilsverð mál, er félagið varðar.

17. grein.

Nú ris ágreiningur milli félagsaðilanna um stækkun virkjunarinnar, verð á rafmagni eða onnur þau atriði, er þeir telja sig miklu varða, og skal þá hverjum þeirra um sig heimilt að skjóta ágreiningnum til gerðardóms, er skipaður sé þremur mönnum tilnefndum af hæstarétti.

Ef gerðardómurinn telur malefni það, sem til hans er skotið, skipta verulegu máli, tekur hann það til úrskurðar og er skylt að hlíta úrskurði hans.

18. grein.

Sérhver eignaraðila getur fengið sig lausan úr félaginu með eftirgreindum skilyrðum:

Hann skal bjóða meðeigendum hlut sinn í félaginu í réttu hlutfalli við eign þeirra áður. Ef ekki næst samkomulag um kaupverðið, er hann skyldur að selja hlut sinn við því verði, sem dómkvaddir menn ákveða.

Vilji meðeigendur ekki kaupa hlut þennan samkvæmt framansögðu, er seljanda skylt að bjóða hann þeim eigendum, sem óska að kaupa, en ef ágreiningur verður um verðið, skal það ákveðið á sama hátt, sem að framan greinir.

Samþykki meirihluti eignaraðila að sameina virkjunina öðru fyrirtæki s.s. orkubúi, þá ber þeim að kaupa hlut minnihlutans, og verði ágreiningur um verðið skal það ákveðið með sama hætti og hér að framan segir.

Sá sem þannig gengur úr félaginu, er þó ekki laus við ábyrgð sína á skuldum þess eða öðrum skuldbindingum, fyrr en þær eru að fullu greiddar samkvæmt samningum eða samið um þær við kaupendur eða hlutaðeigendur á annan hátt.

19. grein.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi og teljast lagabreytingar eigi ná samþykki, ef einn þriðji fundarmanna greiðir atkvæði á móti þeim, sbr. 2. mgr. 16. gr. um atkvæðisrétt.

Þess skal getið í fundarboði, að tillögur um breytingar á samþykktum félagsins verði bornar fram á fundinum.

Þannig samþykkt samhljóða á
aðalfundi Andakílsárvirkjunar
þann 26. apríl 1991.

5.3 Sameiningarsamningur vegna HAB

Bæjarstjórn Akraness, bæjarstjórn Borgarness, hreppsnefnd Andakílshrepps og skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri, f.h. Bændaskólans á Hvanneyri, gera með sér svofelldan

S A M N Í N G :

1. gr.

Ofantaldir aðilar eiga saman og reka félag undir nafninu Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (skammst. HAB). Lögheimili félagsins og varnarþing er á Akranesi.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að virkja jarðhita og aðra orkugjafa til húshitunar og annarra nota á Akranesi, í Borgarnesi, í Andakílshreppi svo og víðar, eftir því sem ákveðið kann að verða.
Ennfremur er félaginu ætlað að leggja aðveituæðar frá virkjunarstöðum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda.

3. gr.

Félagið selur heitt vatn til neytenda eða sveitarfélaga samkv. gjaldskrá er stjórn þess setur og ráðherra staðfestir. Við gerð gjaldskrár skal gætt almennra arðsemissjónarmiða. Skal gjaldskráin miðast við að sami hitunarkostnaður verði á öllu veitusvæðinu.

4. gr.

Eignarhlutföll í félaginu skiptast þannig:

Akraneskaupstaður	72,80%
Borgarnesbær	19,96%
Andakílshreppur	3,16%
Bændaskólinn á Hvanneyri	4,08%

Skiptist stofnkostnaður á eigendur í þessum hlutföllum, svo og ágóði eða halli.
Eignarhlutföll má endurskoða samkv. ákvörðun stjórnar að fengnu samþykki eignaraðila með hliðsjón af breytingum á íbúafjölda.

5. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum og jafnmörgum til vara. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn og fylgir kjörtímabil þeirra kjörtímabili sveitarstjórna.

Bæjarstjórn Akraness tilnefnir fjóra menn í stjórnina og varamenn þeirra. Bæjarstjórn Borgarness tilnefnir tvo menn og varamenn þeirra. Hreppsnefnd Andakílshrepps og Bændaskólinn á Hvanneyri skiptast á að tilnefna einn stjórnarmann, fjögur ár í senn og varamann hans.

Formaður stjórnar skal kosinn til eins árs í senn, til skiptis úr hópi fulltrúa bæjarstjórnar Akraness annars vegar og fulltrúa bæjarstjórnar Borgarness, hreppsnefndar Andakílshrepps og Bændaskólans á Hvanneyri hins vegar.

Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórn félagsins ákveður deildaskiptingu hvað varðar viðhald og rekstur eftir því sem hagkvæmt kann að þykja.

6. gr.

Stjórnarmenn skulu gæta þess að fyllsta jafnréttis sé gætt milli eignaraðila félagsins.

Þrír stjórnarmenn hafa frestandi neitunarvald um meiri háttar ákvarðanir stjórnar. Geta þeir að fengnu samþykki sveitarstjórna þeirra er þeir eru fulltrúar fyrir, en landbúnaðarráðuneytis hvað varðar Bændaskólann á Hvanneyri, skotið slíku máli til ákvörðunar gerðardóms. Gerðardómur verði skipaður fulltrúa tilnefndum sameiginlega af bæjarstjórn Borgarness, hreppsnefnd Andakílshrepps og Bændaskólanum á Hvanneyri, fulltrúa tilnefndum af bæjarstjórn Akraness og oddamanni tilnefndum af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Skal stefnt að því að úrskurður liggi fyrir innan mánaðar og skal hann vera endanlegur.

7. gr.

Stjórn félagsins ræður öllum málum þess og hefur á hendi allar framkvæmdir fyrir það, þær er heyra til rekstri þess og gætir réttar þess gagnvart öðrum.

Stjórnin hefur heimild til þess að taka lán fyrir félagið eftir því sem hún telur nauðsynlegt og getur skuldbundið það og eigur þess, þar á meðal veðsett þær með ályktunum sínum og samningum. Stjórnin getur þó ekki skuldbundið eigendur félagsins að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum nema að fengnu samþykki þeirra. Stjórnin þarf ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 15% af brúttótekjum félagsins á næstliðnu ári.

Formaður boðar til stjórnarfunda er hann telur þess þörf eða tveir stjórnarmenn æskja þess. Stjórnarfundur er lögmætur ef fjórir stjórnarmenn eru viðstaddir enda ekki allir tilnefndir af sama eiganda. Stjórnin skal bóka stutta

skýrslu um það sem fram fer á fundum hennar og viðstaddir stjórnarmenn undirrita fundargerð.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og aðra fasta starfsmenn. Hún ákveður verksvið þeirra og semur um laun. Hún getur veitt framkvæmdastjóra prókúruumboð.

8. gr.

Endurskoðendur reikninga félagsins skulu vera tveir og tilnefndir til fjögurra ára í senn. Bæjarstjórn Akraness tilnefnir annan og varamann hans, en aðrir eignaraðilar tilnefna hinn endurskoðandann og varamann hans.

9. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið.
Reikningar félagsins skulu gerðir upp og rekstrar- og efnahagsreikningur lagður fyrir stjórn félagsins ásamt umsögn löggilts endurskoðanda fyrir marslok. Skal þá stjórnin senda þá tilnefndum endurskoðendum til athugunar, en reikningana með áritun þeirra skal senda eigendum félagsins til samþykktar fyrir aprílok.

10. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir júnílok ár hvert. Rétt til fundarsetu eiga sveitarstjórnarfulltrúar eignaraðila og þrír fulltrúar Bændaskólans á Hvanneyri. Aðalfundur skal auglýstur með minnst viku fyrirvara.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1) Skýrsla félagsstjórnar;
2) Reikningar félagsins.

11. gr.

Samningi þessum verður ekki breytt nema allir eignaraðilar séu sammála um það. Enginn eignaraðili getur gengið úr félaginu án samþykkis hinna.

12. gr.

Mál sem rísa kunna út af samningi þessum má reka fyrir bæjarþingi Akraness, án undangenginna sáttaumleitana fyrir sáttanefnd.

13. gr.

Samningur þessi er gerður í fimm samhljóða eintökum og fær hver aðili eitt eintak og félagið eitt.
Jafnframt samningi þessum liggja fyrir drög að samþykktum fyrir félagið.

Þessi samningur kemur í stað stofnsamnings HAB, dags. 23. mars 1979 og fellur hann úr gildi við undirritun þessa samnings.

Borgarnesi, 1. febrúar 1991.

F.h. Akraneskaupstaðar:

BÆJARSTJÓRINN AKRANESI

F.h. Borgarnesbæjar:

BÆJARSTJÓRINN BORGARNESI

F.h. Andakílshrepps:

ODDVITI ANDAKÍLSHREPPS

F.h. Bændaskólans á Hvanneyri:

BÆNDASKÓLINN Á HVANNEYRI

Votta að réttri dagsetn., undirskrift og fjárræði aðila:

090327-3219

230546-3559

5.4 Lög nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða

1956 Nr. 65 8. maí

þeirra orkuveitna, sem um ræðir í lögum þessum, fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.[1]

[1] *Nú orkulög 58/1967.*

1976 Nr. 66 31. maí

Lög um Orkubú Vestfjarða.

■ **1. gr.** Ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum skal heimilt að setja á stofn orkufyrirtæki, er nefnist Orkubú Vestfjarða.

■ **2. gr.** Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

□ Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

■ **3. gr.** Orkubú Vestfjarða er sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum.

□ Eignarhluti ríkissjóðs skal vera 40%, en eignarhlutir sveitarfélaganna skulu nema samtals 60%.

□ Eignarhlutdeild sveitarfélaganna skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra.

□ Eignarhlutföllum verður ekki breytt nema til samræmis við íbúafjölda, sbr. 9. gr., og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

□ Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

□ Heimili þess og varnarþing er á Ísafirði.

■ **4. gr.** Sameigendur beri einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Orkubús Vestfjarða gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum.

■ **5. gr.** Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum skulu afhenda Orkubúi Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi, enda yfirtaki fyrirtækið samkvæmt samkomulagi skuldir vegna mannvirkja þeirra, sem það tekur við.

■ **6. gr.** Iðnaðarráðherra veitir Orkubúi Vestfjarða einkaleyfi til þeirrar starfsemi, sem felst í tilgangi fyrirtækisins samkvæmt 2. gr. Ráðherra er þó heimilt, að fengnu áliti stjórnar Orkubús Vestfjarða, að ákveða, að rekstur einstakra orkumannvirkja skuli vera undanþeginn, svo sem bygging og rekstur mannvirkja til raforkudreifingar, jarðvarmaveitna og fjarvarmaveitna með kyndistöðvum innan þeirra sveitarfélaga, sem þess óska.

■ **7. gr.** Stjórn Orkubús Vestfjarða skal skipuð 5 mönnum. Á aðalfundi skulu fulltrúar sveitarfélaganna kjósa 3 menn og jafnmarga til vara. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skulu skipa einn mann hvor og einn mann hvor til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum.

□ Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur félagið.

■ **8. gr.** Stjórn Orkubús Vestfjarða hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri.

□ Stjórn Orkubús Vestfjarða ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu. Framkvæmdastjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins. Skal hann eiga sæti á stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt.

■ **9. gr.** Aðalfund Orkubús Vestfjarða skal halda fyrir 1. júní ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með tveggja vikna fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti fulltrúar sameignaraðila, sem fara með atkvæðisrétt í hlutfalli við eignarhlutdeild umbjóðenda sinna. Fyrir aðalfund skal leggja skrá um skiptingu eignarhlutdeildar sameignaraðila og atkvæðisrétt samkvæmt manntali 1. desember árið áður. Fulltrúar sveitarfélaganna fara með eitt atkvæði fyrir hvern íbúa í hverju viðkomandi sveitarfélagi. Fulltrúi ríkisins fer með atkvæðisrétt sem svarar til 40% heildaratkvæða. Afl atkvæða ræður á aðalfundi.

□ Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Lagðir skulu fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosning stjórnar skv. 7. gr.
4. Kosning eins endurskoðanda, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan. Varamenn skal velja með sama hætti.

■ **10. gr.** Stjórn Orkubús Vestfjarða setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda.

□ Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.

□ Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

■ **11. gr.** Heimilt er stjórn Orkubús Vestfjarða að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni.

□ Stjórnin getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

■ **12. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á lánum er Orkubú Vestfjarða tekur til orkuframkvæmda, að fjárhæð allt að 2500 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

□ Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. Lánið endurlánar ríkisstjórnin Orkubúi Vestfjarða með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

■ **13. gr.** Orkubú Vestfjarða er undanþegið tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sýslu- og sveitarfélaga.

■ **14. gr.** Ráðherra getur heimilað Orkubúi Vestfjarða að taka eignarnámi jarðhitaréttindi, vatnsréttindi, lönd og mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fer eftir lögum nr. 11/1973.

■ **15. gr.** Þegar eftir að heimild samkvæmt 1. gr. þessara laga er notuð, skal iðnaðarráðherra beita sér fyrir, að sameignarsamningur sé gerður milli aðila og stofnfundur fyrirtækisins haldinn samkvæmt reglum 9. gr. eftir því sem við á.

□ Iðnaðarráðherra setur reglugerð,[1] þar sem nánar

1976 Nr. 66 31. maí skal ákveðið um framkvæmd þessara laga og starfsemi Orkubús Vestfjarða. Skal stjórn Orkubús Vestfjarða undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.
[1] Rg. 192/1978.

■ 16. gr. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 47/1948, um hitaaflsstöð og hitaveitu á Ísafirði, lög nr. 54/1954, um orkuver Vestfjarða, ásamt síðari breytingu, sbr. lög nr. 32/1973, svo og aðrar heimildir í lögum fyrir Rafmagnsveitur ríkisins til virkjunar fallvatna á Vestfjörðum.

1970 Nr. 111 30. des.

Lög um virkjun Lagarfoss.

■ 1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði til raforkuvinnslu [í allt að 10.000 hestafla orkuveri][1] og leggja þaðan aðalorkuveitu að Egilsstaðakauptúni til tengingar þar við veitukerfi Grímsárvirkjunar.
[1] L. 29/1972, 1. gr.

■ 2. gr. Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er Rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 180 milljónum króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

■ 3. gr. Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, sbr. 1. gr.

■ 4. gr. Óski sveitarstjórnir á Austurlandi að gerast eignaraðilar að virkjun Lagarfoss og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu, er ráðherra heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins.

□ Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

1985 Nr. 102 31. des.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Krófluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

■ 1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að selja Krófluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu, sem til var stofnað með lögum nr. 21 frá 10. apríl 1974, til Landsvirkjunar samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um kaup á Krófluvirkjun, dags. 26. júlí 1985.

□ Með mannvirkjum Krófluvirkjunar skal fylgja réttur til virkjunar og hagnýtingar á þeirri jarðhitaorku, sem finnast kann á Kröflusvæðinu, að afli sem svarar allt að 70 MW eins og um ræðir í nefndum samningi.

■ 2. gr. Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja til Landsvirkjunar eignir Jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu ásamt rétti til virkjunar og hagnýtingar jarðhitaorku á því svæði, innan marka sem um semst, í samræmi við ákvæði í framangreindum samningi. Mun Landsvirkjun, ef sala þessi fer fram, taka við gufuveitunni í Bjarnarflagi til eignar og rekstrar ásamt skuldbindingum um gufuöflun til kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, sbr. 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80 frá 15. ágúst 1966, svo og skuldbindingum um gufuafhendingu vegna Hitaveitu Skútustaðahrepps og Léttsteypunnar hf. samkvæmt samningum ríkisins og eigenda jarðanna Reykjahlíðar og Voga, dags. 18. mars og 4. maí 1971, sbr. yfirlýsingu aðila 1. júlí 1975 og 23. júní 1982.

■ 3. gr. Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1985 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 21 frá 10. apríl 1974, um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

1985 Nr. 102 31. des.

Lög um Hitaveitu Suðurnesja.

1974 Nr. 100 31. des.

■ 1. gr. Ríkissjóður Íslands og sjö sveitarfélög á Suðurnesjum, sbr. 2. gr., skulu setja á stofn [fyrirtæki],[1] er nefnist Hitaveita Suðurnesja.

□ ...[1]

□ Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

□ Heimili þess og varnarþing er í Keflavík.
[1] L. 91/1984, 1. gr.

■ 2. gr. [Hitaveita Suðurnesja er sameignarfyrirtæki ríkisins og eftirtalinna sveitarfélaga sem eiga fyrirtækið í þessum hlutföllum:

Ríkissjóður Íslands	20,00%
Keflavíkurkaupstaður	38,68%
Njarðvíkurkaupstaður	12,83%
Grindavíkurkaupstaður	11,17%
Miðneshreppur	6,99%
Gerðahreppur	6,07%
Vatnsleysustrandarhreppur	3,57%
Hafnahreppur	0,69%

□ Sameigendur bera einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum. Verði síðar ákveðið að krefjast viðbótarframlags frá eigendum skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutföll. Eignarhlutföllum verður ekki breytt og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.][1]
[1] L. 101/1985, 1. gr.

■ 3. gr. [Tilgangur Hitaveitu Suðurnesja skal vera

a. að virkja jarðhita í Svartsengi og annars staðar á Reykjanesi ef hagkvæmt þykir,

b. að reisa og reka orkuver, aðveitur og orkudreifikerfi á starfssvæði hennar og annast sölu á orku til notenda,

c. önnur nýting á jarðgufu og heitu grunnvatni.][1]

□ Verkefni Hitaveitu Suðurnesja skulu nánar tilgreind í reglugerð.[2]
[1] L. 91/1984, 2. gr. [2] Rg. 89/1990.

■ 4. gr. Ríkissjóður skal afhenda Hitaveitu Suðurnesja öll mannvirki sín í Svartsengi og þar í nánd, þar á meðal borholur fyrir heitt og kalt vatn, og allar áætlanir og undirbúningsframkvæmdir vegna virkjana á Svartsengissvæðinu. Náist eigi samkomulag um mat á verðmætum þessum, skal gerðardómur þriggja manna, sem sýslumaðurinn í Gullbringusýslu dómkveður, skera úr. Sama gildir um mannvirki og önnur verðmæti, er aðrir eignaraðilar afhenda.

■ 5. gr. [Stofnsjóður Hitaveitu Suðurnesja skiptist á sameigendur í þeim hlutföllum er um getur í 2. gr.][1]
[1] L. 101/1985, 2. gr.

■ 6. gr. Iðnaðarráðherra veitir Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að fyrirtækinu. Ráðherra er þó heimilt að ákveða, að bygging og rekstur dreifiveitu á Keflavíkurflugvelli skuli vera þar undanþegin.

□ [Enn fremur veitir iðnaðarráðherra Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu rafveitu á starfssvæði

5.5 IX. kafli laga nr. 8/1986, um samvinnu sveitarfélaga

koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl með þeim skilyrðum sem ráðuneytið setur.

☐ Ráðuneytið getur heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn í því tilviki sem hér um ræðir að leggja álag á útsvör, aðstöðugjöld og fasteignaskatta sem nemi allt að 25%.

■ **91. gr.** Nú er greiðslubyrði sveitarfélags umfram greiðslugetu svo mikil að ljóst er að eigi mun úr rætast í bráð og getur ráðuneytið þá svipt sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipað því fjárhaldsstjórn, enda hafi fjármálastjórn sveitarfélagsins verið í ólestri, ráðstafanir skv. 90. gr. muni fyrirsjáanlega eigi duga til úrbóta eða sveitarstjórn hafi vanrækt svo skyldur sínar skv. lögum þessum að vandræði hafi af hlotist.

☐ Áður en sveitarstjórn verður svipt fjárforráðum sveitarfélags skv. þessari grein skal ráðuneytið þó skora á sveitarstjórn að koma fjármálum sveitarfélagsins á réttan kjöl og er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarstjórn allt að 6 mánaða frest í því skyni. Ráðuneytið getur þá jafnframt snúið sér til skiptaráðanda og óskað eftir greiðslustöðvun sveitarsjóðs í allt að þrjá mánuði í samræmi við II. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, eftir því sem við á.

☐ Fjárhaldsstjórn skal skipuð til tiltekins tíma og eigi lengur en til eins árs í senn.

☐ Heimilt er sveitarstjórn að höfða mál fyrir dómi til ógildingar úrskurði ráðherra um sviptingu fjárforræðis.

■ **92. gr.** Fjárhaldsstjórn sveitarfélags skal skipuð þremur mönnum, þar af einum skv. tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Formaður skal skipaður af ráðherra.

☐ Þóknun til fjárhaldsmanna skal ákveðin af ráðuneytinu og greiðist úr ríkissjóði.

☐ Birta skal ákvörðun um sviptingu fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar í Lögbirtingablaði og í B-deild Stjórnartíðinda.[1]

[1] *Augl. 180/1989 (um fjárhaldsstjórn Hofsóshrepps), sbr. 487/1989.*

■ **93. gr.** Fjárhaldsstjórn tekur við stjórn fjármála sveitarfélags og má enga greiðslu inna af hendi úr sveitarsjóði nema með samþykki hennar. Ályktanir sveitarstjórnar og ákvarðanir lægra settra stjórnvalda hennar, sem hafa útgjöld í för með sér, eru ógildar nema til komi samþykki fjárhaldsstjórnar.

☐ Að öðru leyti fer sveitarstjórn áfram með málefni sveitarfélagsins.

☐ Fjárhaldsstjórn skal rannsaka fjárreiður sveitarfélagsins og allan rekstur þess og gera nýja áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins fyrir næstu tvö fjárhagsár.

☐ Áætlun þessa skal senda ráðuneytinu til staðfestingar ásamt umsögn sveitarstjórnar. Að lokinni staðfestingu ráðuneytis gildir áætlunin sem fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, a. m. k. meðan sveitarfélagið er undir fjárhaldsstjórn.

■ **94. gr.** Fjárhaldsstjórn getur með samþykki ráðuneytisins selt eigur sveitarfélagsins til lúkningar skuldum, þó eigi þær eigur sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum, sbr. 89. gr.

☐ Með sama móti getur fjárhaldsstjórn ákveðið að færa tiltekna starfsemi, sem rekin hefur verið á vegum sveitarfélagsins, í hendur einkaaðila.

■ **95. gr.** Nú duga eigi framangreindar ráðstafanir til þess að koma fjárhag sveitarsjóðs og stofnana hans á réttan kjöl og getur þá ráðuneytið einnig ákveðið að leita samninga við nágrannasveitarfélög um sameiningu við það sveitarfélag, sem undir fjárhaldsstjórn er, eða hluta þess gegn yfirtöku eigna og skulda.

■ **96. gr.** Svipting fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar fellur niður eftir ákvörðun ráðuneytisins þegar telja má að fjárhagur sveitarfélagsins sé kominn í viðunandi horf. Auglýsing þar að lútandi skal birt á sama hátt og auglýsing um sviptingu fjárforræðis.

IX. kafli. Samvinna sveitarfélaga.

■ **97. gr.** Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna, á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga eða í landshlutasamtökum.

■ **98. gr.** Sé um að ræða varanlegt samvinnuverkefni sveitarfélaga, svo sem rekstur skóla og heilbrigðisstofnana eða brunavarnir, geta sveitarfélög myndað byggðasamlag sem tekur að sér framkvæmd verkefnisins.

☐ Í samningi, sem gera skal um byggðasamlag, skulu vera ákvæði m. a. um stjórn samlagsins og kjör fulltrúa til hennar, fjölda þeirra, kjörtímabil, um varafulltrúa og annað sem máli skiptir í því sambandi.

☐ Í samningnum skulu vera ákvæði um hvenær stjórnarfundur er ályktunarhæfur og um umboð stjórnar til að skuldbinda sveitarsjóði. Þá skulu vera ákvæði um í hvaða tilvikum þörf er staðfestingar sveitarstjórna á samþykktum sem gerðar eru í stjórn byggðasamlags.

☐ Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í samþykktum byggðasamlags gilda eftir því sem við eiga meginreglur laga þessara um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, meðferð fjármála og endurskoðun reikninga.

☐ Sveitarsjóðir bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þeir eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu.

■ **99. gr.** Sé sveitarfélögum ætluð í lögum verkefni sem þeim er um megn að leysa hverju fyrir sig skulu mynduð byggðasamlög um framkvæmd þeirra, sbr. þó 4. mgr. 6. gr.

☐ Ákvæði þessa kafla gilda um byggðasamlög skv. fyrri mgr. þessarar greinar með þeim frávikum sem kunna að felast í öðrum lögum.

■ **100. gr.** Sé um að ræða samvinnu sveitarfélaga um áhættusaman atvinnurekstur án hlutdeildar annarra aðila skal stofna félag í samræmi við ákvæði laga nr. 24/1972, um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

■ **101. gr.** Samþykktir byggðasamlaga skulu teknar til endurskoðunar í síðasta lagi þegar liðin eru 10 ár frá stofnun þeirra og síðan á a. m. k. 10 ára fresti. Við slíka endurskoðun skal meta reynslu af starfsemi viðkomandi byggðasamlags og stjórnskipulagi þess og skal við fulltrúatölu í stjórn samlagsins taka tillit til breytinga sem leiðir af breyttum aðstæðum, þar á meðal af breytingum á fólksfjölda aðildarsveitarfélaga og af breytingum á skipan þeirra eða starfsemi héraðsnefndar.

☐ Til þess að breyting á samþykktum fyrir byggðasamlag nái fram að ganga þurfa ⅔ hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta hana eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins, en ⅔ hlutar stjórnarmanna geta krafist þess að slík atkvæðagreiðsla fari fram um tillögu til breytinga á samþykktunum.

1986 Nr. 8 18. apríl

■ **102. gr.** Nú óskar sveitarstjórn að ganga úr byggðasamlagi og er henni það þá heimilt enda fari þá jafnframt fram endurskoðun á samþykktum fyrir byggðasamlagið, sbr. 101. gr.

□ Óski sveitarstjórnin eftir því að fá nettóeignarhluta sinn í byggðasamlagi innleystan er eigi skylt að greiða hann á skemmri tíma en 20 árum. Náist eigi samkomulag um verðmæti eignarhlutans eða greiðslukjör skal það úrskurðað af þremur dómkvöddum, hæfum og óvilhöllum mönnum sem m. a. skulu taka tillit til áframhaldandi hagræðis íbúa viðkomandi sveitarfélags af starfsemi byggðasamlagsins og greiðslugetu byggðasamlagsins eða þeirra sveitarfélaga sem halda rekstri þess áfram.

■ **103. gr.** Tillaga um að hætta starfsemi byggðasamlags nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest í samræmi við ákvæði 101. gr.

□ Nú er ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlags eða svo er fyrir mælt í lögum og skal þá skipa því sérstaka skiptastjórn er gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á viðkomandi sveitarsjóði í hlutfalli við íbúatölu.

□ Skiptastjórn skal kjörin af stjórn byggðasamlags.

■ **104. gr.** Sveitarfélög geta stofnað til staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að hagsmunamálum íbúa í hverjum landshluta. Starfssvæði slíkra samtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu.[1]

□ Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á ársfund landshlutasamtaka eftir þeim reglum sem ákveðnar eru í lögum samtakanna.

[1] *Augl. 26/1987 og 89/1989.*

■ **105. gr.** Ríkisvaldið viðurkennir Samband íslenskra sveitarfélaga sem sameiginlegan málsvara sveitarfélaga í landinu.

X. kafli. Stækkun sveitarfélaga.

■ **106. gr.** Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

■ **107. gr.** Þegar skylt er að sameina sveitarfélag öðru sveitarfélagi, sbr. 2. mgr. 5. gr., skal ráðuneytið skipa nefnd er í sitji tveir menn skv. tilnefningu sveitarstjórnar í því sveitarfélagi sem um ræðir og tvo menn skv. tilnefningu viðkomandi héraðsnefndar. Þá skipar ráðuneytið formann nefndarinnar án tilnefningar.

□ Nefndin skal gera tillögu um hverra kosta skuli leita varðandi sameiningu sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

□ Þegar tillaga nefndarinnar liggur fyrir skal ráðuneytið fara þess á leit við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög að þau tilnefni til viðbótar fulltrúa í nefndina þannig að hvort eða hvert sveitarfélag eigi þar tvo fulltrúa.

□ Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

□ Nú berst ráðuneytinu eigi tilnefning í nefndina innan tilskilins frests og skal þá ráðuneytið skipa fulltrúa í nefndina án tilnefningar.

□ Nefndin skal síðan gera tillögu til viðkomandi sveitarstjórna um það hvernig að sameiningu sveitarfélaganna skuli staðið.

□ Sé um fleiri en eina tillögu að ræða getur ráðuneytið ákveðið að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa viðkomandi sveitarfélaga um tillögurnar.

□ Ráðuneytið skal óska eftir umsögn viðkomandi sveitarstjórna um sameiningarmálið en síðan ákveður ráðuneytið hvernig að sameiningu sveitarfélaganna skuli staðið.

□ Heimilt er ráðuneytinu að fresta sameiningu sveitarfélaga þar sem svo stendur á sem segir í 2. mgr. 5. gr.

■ **108. gr.** Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins.

□ Skal hvor eða hver sveitarstjórn kjósa tvo fulltrúa eða fleiri í nefndina eftir samkomulagi. Nefndin kýs formann úr sínum hópi.

□ Samstarfsnefnd skal starfa í samráði við ráðuneytið og skal það láta henni í té þá aðstoð er það telur nauðsynlega og úrskurða um vafaatriði er upp kunna að koma.

□ Þegar samstarfsnefnd hefur skilað áliti sínu um sameiningu skulu viðkomandi sveitarstjórnir taka málið á dagskrá. Skal hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu.

□ Að lokinni umræðu sveitarstjórna skal síðan fara fram atkvæðagreiðsla innan sveitarfélaganna um sameininguna. Viðkomandi sveitarstjórnir ákveða sameiginlega hvenær atkvæðagreiðsla fer fram og skal kosið sama dag í sveitarfélögunum.

□ Sveitarstjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna í samráði við ráðuneytið. Um atkvæðagreiðslur skv. þessari mgr. fer eftir ákvæðum III. kafla laga þessara, eftir því sem við getur átt.

■ **109. gr.** Ef meiri hluti atkvæðisbærra íbúa sveitarfélags hefur synjað sameiningu við atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. verður það sveitarfélag eigi sameinað öðrum sveitarfélögum að svo stöddu.

□ Hafi sameiningin hlotið samþykki skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni sveitarfélaganna, fjölda fulltrúa í nýrri sveitarstjórn, nafn hins sameinaða sveitarfélags og önnur atriði. Ákvarðanir þessar skulu sendar ráðuneytinu sem ákveður hvenær sameining skuli fara fram.

□ Séu sveitarfélög þau, sem sameinuð eru, sitt í hvoru lögsagnarumdæmi skal ráðuneytið leita umsagnar dómsmálaráðuneytisins áður en ákvörðun um sameiningu er tekin.

■ **110. gr.** Sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma verður ekki ákveðin nema með lögum.

■ **111. gr.** Ráðuneytið skal hlutast til um að samþykktir og reglugerðir, sem gilda í þeim sveitarfélögum sem sameina skal, verði endurskoðaðar og samræmdar og síðan lagðar fyrir sveitarstjórn í hinu sameinaða sveitarfélagi.

■ **112. gr.** Þegar ráðuneytið hefur staðfest sameiningu sveitarfélaga skv. framanskráðu skal það gefa út tilkynningu[1] um sameininguna sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Þar skal greint frá nafni hins nýja sveitarfélags, hvaða sveitarfélög hafi verið sameinuð, frá hvaða tíma sameiningin taki gildi, tölu sveitarstjórnarmanna, svo og hvort kosning skv. 113. gr. skuli fram fara og hvenær.

[1] *Sjá neðanmálsgrein við 5. gr. þ. l.*